

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Byggingasjóð verkamanna og
verkamannabústaði nr. 272 9. desember 1970.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Þegar byggingaframkvæmdir hafa verið ákveðnar samkvæmt 6.—9. gr. skal hlutaðeigandi sveitarfélag árlega greiða framlag til Byggingasjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 1200 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, sem býr á þéttbýlisstað, samkvæmt árlegum mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar, miðað við 1. desember árið á undan. Fjárhæðir þessar breytast árlega til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar og skal miða við vísitölu 1. nóvember næst á undan gjalddaga. Framlagsskylda sveitarfélags, samkvæmt grein þessari, gildir frá og með því ári, sem byggingaframkvæmdir eru ákveðnar. Framlagið greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir 31. desember ár hvert af framlagi Jöfnunarsjóðs til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkissjóður greiðir árlega framlag til Byggingasjóðs verkamanna, sem vera skal jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingasjóðsins eru á ári hverju. Framlag ríkissjóðs greiðist samtímis og framlög sveitarfélaganna, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt IV. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970 sbr. lög nr. 90 frá 24. desember 1971 um Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.